

Apríl 2024



Fréttabréf Skýjaborgar

Margt hefur drifið á dagana frá því síðasta fréttabréf kom út í nóvember og verður stiklað á stóru hér í þessu fréttabréfi. Börnunum hefur hægt og hægt fjölgað í vetur, en í upphafi vetrar voru 26 börn og eru nú 36 börn í leikskólanum. Einnig hafa fleiri starfsmenn bæst í starfsmannahópinn, Sonja í nóv, Rita í jan, Birgitta og Pála í mars og Marta nú í byrjun í apríl.

Desember

Í desember var unnið með þemað *Jól og vetur*. Sungin voru jólalög og æfðar þulur. Við reynum markvisst að hafa rólegt hjá okkur í desember. Ýmislegt jólaföndur var í boði og ráða börnin sjálf ferðinni hvað þau taka mikið þátt, fer eftir áhuga hvers og eins.



Jólaleikrit: Foreldrafélagið bauð leikskólabörnunum ásamt 1. bekk upp jólaleikritið *Jólakötturinn og dularfulla kistan*. Þetta var einleikur og náði leikarinn vel til barnanna og skemmtu þau sér vel.



Kveikt á jólatrénu: Í lok nóvember tókum við þátt þegar ljósín voru tendruð á jólatrénu á Vinavelli. Eftir að hafa sungið og dansað í kringum jólatréð bauð sveitastjórinn upp á mandarínur sem voru borðaðar úti í góða veðrinu.

Bakstur og aðventukaffi: Börnin bökuðu piparkökur og skreyttu og buðu svo foreldrum í aðventukaffi einn föstudagseftirmiðdag í desember.

Litlu jólin: Litlu jólin okkar voru hefðbundin með jólaballi þar sem dansað var í kringum jólatréð. Í lok ballsins komu jólasveinar í heimsókn með góðgæti í poka. Í hádegismatinn var bayonskinka og meðlæti og ís í eftirrétt.

Apríl 2024

Janúar

Í janúar var unnið með þemun *fjölskyldan, starfsgreinar og þorrann*. Starfsfólk byrjaði janúar á skipulagsdegi. Á þeim degi sat það meðal annars námskeið í tákni með tali. Tákni með tali er tjáskiptaaðferð sem styður við talmál og gerir málumhverfið skýrara. Alltaf er talað með táknum sem hefur þau jákvæðu áhrif að talhraði minnkar og orðin sem sögð eru verða skýrari. Í framhaldi fengu öll börn og starfsfólk sitt eigið tákni. Einnig er lögð vikulega ný tákni fyrir, þar sem öll geta lært saman ný tákni.

Þorrinn: Í upphafi þorra héldum við kallakaffi í tilefni bóndadags. Öll voru velkomin og góð mæting var. Við vorum einnig með þorrablót þar sem smakkað var á ýmsum þorramat. Sum börn voru hugrökk og smökkuðu hákarl og/eða auga af sviðakjamma.



Haldinn var einn **rafmagnslaus dagur** á þorranum. Þann dag takmörkum við rafmagnsnotkun eins og við getum í starfi með börnunum. Skemmtilegar umræður mynduðust, meðal annars af hverju væri ekki hægt að rista brauð.

Grænfáninn: Í tengslum við grænfánavinnu hafa börnin á Regnboganum farið reglulega í vetur með flokkað rusl í grenndargámana. Einnig hafa börnin verið dugleg í vetur að endurnýta pappír, en á föstudögum eru bara nýttur notaður pappír og umbúðir. Gaman er að segja frá því að á þetta hefur ýtt undir sköpun barnanna og njóta þau sín vel.



Apríl 2024

Febrúar

Í febrúar var unnið með þemað vináttu og tilfinningar. Í upphafi Góu héldum við konukaffi í tilefni konudagsins. Öll voru velkomin og góð mæting var líkt á kallakaffið. Í febrúar var skipulagsdagur hjá starfsfólki þar sem starfsfólk fékk góðan tíma í undirbúning fyrir starfið og stilla saman strengi. Svo var meðal annars farið yfir aðgerðaráætlun fyrir grænfánavinnu og kafla í Skólanámskrá Skýjaborgar yfirfarin. En skólanámskráin er í uppfærslu og verður endurútgefin síðar á árinu.

Dagur leikskólans: Við héldum upp á dag leikskólans 6. febrúar með því að búa til hljóðfæri og fara svo með þau í skróðgöngu um hverfið, ásamt vöflukaffi í nónhressingu.

Skólasamstarf: Skólasamtarf elsta árgangs (krókódílahóps) var á sínum stað í febrúar og mars. En krókódílahópur fór í sex heimsóknir í Heiðarskóla þar sem börnin fóru meðal annars í sundtíma alla dagana, hittu 1. bekk, kynntust skólanum og skólalóðinni og var svo 3x boðið í hádegismat.

Börnin eru orðin vel örugg í Heiðarskóla eftir þetta flotta og mikla skólasamstarf.

Öskudagur: Við áttum góðan öskudag saman þar sem flestir

mættu í búning eða náttfötum. Haldið var öskudagsball, kötturinn sleginn úr tunnunni, horft á bíómynd og smjattað á snakki.



Lögregluheimsókn: Við fengum lögregluna í heimsókn til okkar sem ræddi við tvo elstu árgangana (mömmuhóp og krókódílahóp). Að heimsókn lokinni gaf hún öllum börnum í leikskólanum endurskinsmerki til að sjást betur í myrkrinu.

Apríl 2024

Mars

Í mars var unnið með þemun *tölur*, *ávextir* og *grænmeti*. Ýmis stærðfræðitengd verkefni voru í boði á Degi stærðfræðinnar þann 14. mars. Lagt var áhersla á hvað er hollt og óhollt í tannverndarvikunni 18.-22. mars, ásamt mikilvægi þess að bursta tennurnar.

Bókagjöf: Öll börn fædd 2018, 2019 og 2020 fengu bókina *Orð eru ævintýri* að gjöf frá Menntamálastofnun. Þetta er fyrsta námsefnið sem Menntamálastofnun gefur út fyrir leikskólastigið. Bókin er litrík myndaorðabók sem inniheldur yfir 1000 íslensk og algeng orð þar sem myndir leika stórt hlutverk. Efnið er vel til þess fallið að spjalla við börn sem



eru að stíga sín fyrstu skref í íslensku um orð dagslegs lífs, efla þar með orðaforða og virkja ímyndunarafli. Ár hvert á komandi árum fær nýr árgangur barna á þriðja aldursári bókina afhenda.

Við í Skýjaborg leggjum

mikla áherslu á lestur, við lesum á hverjum degi fyrir börnin. Börnin mega ávallt koma með bækur að heiman.

Foreldraviðtöl: Deildarstjórar buðu foreldrum upp á annað foreldraviðtal skólaársins. Góð mæting var og áttu deildarstjórar gott og innihaldsríkt spjall við foreldra um þroska og líðan barnanna.

Dans: Við fengum danskennara til okkar á Regnbogann sem kenndi okkur ýmsa skemmtilega dansa. Danskennslunni lauk svo með danssýningu þar sem foreldrum var boðið að koma að horfa á.

Leikskólakennaranemi: Við fengum til okkar leikskólakennaranema frá Háskóla Íslands í tvær vikur í mars sem tók þátt leik og starfi með börnunum ásamt því að kynna sig og sína starfskenningu fyrir starfsfólki. Við þökkum nemanum okkar fyrir góða viðkyrningu og óskum honum velfarnaðar í náminu.

